

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Knútur Hallsson*

4. apríl 1974.

Nr. 123.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 20 frá 18. mars 1961 fyrir  
Verslunarbanka Íslands h.f.

### 1. gr.

Í stað orðanna „10 230 millj. króna“ í 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar komi:  
100 milljónir króna.

### 2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, svo og bankaráð, sem kosið er á aðalfundi bankans. Er það skipað fimm aðal-mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð ræður bankastjóra, einn eða fleiri.

### 3. gr.

Í stað orðanna „3 bankaráðsmenn“ í 3. málsl. 1. mgr. 39. reglugerðarinnar komi:  
5 bankaráðsmenn.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem hlaut meðferð og afgreiðslu á aðalfundi Verslunarbanka Íslands h/f 7. apríl 1973, staðfestist hér með.

*Viðskiptaráðuneytið, 4. apríl 1974.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Dórhallur Ásgeirsson.*

5. apríl 1974.

Nr. 124.

## AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi  
skólaárið 1974—1975.

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma, sem miða skal við, þegar stundaskrá nemenda í skyldunámi skólaárið 1974—1975 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 136 frá 6. apríl 1973.
2. Neðangreindur stundaskrárramma tiltekur það meðaltal kennslustunda, sem hver nemandi skal fá á viku hverri. Undantekning frá þessu er þó neðsta lína töflunnar, „Kennarastundir til ráðstöfunar“, sbr. 3. lið.